

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Miðtónfræði M1 - númer

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: G2

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Viðfangsefnið í upphafi eru kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstigir og smástígur (krómatískur) tónstigi. Einnig er haldið við fenginni þekkingu og færni í meðferð dúr- og molltónstiga. Tónbil stærri en áttund eru greind og skoðuð merking og notkun á ítölskum tónlistarorðum, fleirum en þeim allra algengustu. Farið er í sönglestur bæði í dúr og hljómhæfum moll með öllum nótum tónstiganna og algengum hoppum í brotnum hljómunum. Hrynlestur í einföldum takttegundum og 6/8, þar sem punkteringar og synkópur geta komið fyrir, er þjálfaður. Viðlíka hryndæmi eru rituð upp eftir heyrn semog laglínudæmi með svipuð einkenni og fyrr er minnst á. Tónbil eru greind eftir heyrn, nú leikin bæði upp á við og niður á við. Helstu stílskeið tónlistarsögunnar og einkenni þeirra eru kynnt og frægustu tónskáld þeirra. Þá er hlustað eftir tóni og blæ hljóðfæra, fleiri en þeirra allra algengustu og einföld lög greind í hendingar og helstu form.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á kirkjutóntegundum, auk dúrs og molls. Og krómatískum, heiltóna- og pentatón-tónstigum, tónbilagreingu tónbila sem eru stærri en áttund og samsettum takttegundum með áherslu á 6/8. Þá þarf hann að þekkja ítölsk orð sem notuð eru í nótnaskrift, þ.m.t. önnur en þau allra algengustu. Ennfremur þarf hann að kunna nokkur skil á einkennum tónlistar frá mism. stílskeiðum tónlistarsögunnar, þekkja blæ allnokkurra hljóðfæra og greint lög í hendingar og form.

Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að greina, skrá og heyra kirkjutóntegundir, krómatíska, heiltóna- og pentatón-tónstiga auk dúrs og molls. Ennfremur taktritun í einf. og samsettum takti og þeim muni sem þar er á. Hann þarf að vera leikinn í að greina tónbil af blaði sem eru stærri en áttund og greina tónbil eftir heyrn sem spiluð eru fyrir hann bæði uppá við og niður á við. Hann þarf að vera nokkuð lipur í sönglestri bæði í dúr og hljómhæfum moll þar sem allir tónar geta komið fyrir og algengustu brotnir hljómar, og líka í hrynlestri, bæði í einföldum takttegundum og 6/8 m.a. með punkteringum og synkópum. Eftir að hafa hlustað á dægigert tónæmi frá ákv. stílskeiði þarf hann að geta greint hvert það stílskeið er.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við dægur- og þjóðlagatónlist þar sem notkun kirkjutóntegunda kemur gjarna fyrir, synkópur og fleira. Einnig telst nemandi nú hæfur til að fara í næsta áfanga M2

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Vinnubók og skrifleg tónheyrnarverkefni		80%
Hrynlestur		10%
Sönglestur		10%

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Farið yfir nauðsynleg námsgögn vetrarins. Upprifjun efnis úr G2	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Frekari upprifjun á efni úr G2 áfanganum. Farið yfir aðferðir við að þekkja og skrá formerki í öllum dúrum og hreinum mollum. Kirkjutóntegundir útskýrðar og skráðar	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Áfram farið í aðferðir við að þekkja og skrá formerki fyrir kirkjutóntegundir, einnig pentatón- og heiltóna-tónstiga og krómátíska tónstiga. Þessi tónstigar greindir eftir heyrn.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Enn æfðar kirkjutóntegundir og fleiri tónstigar frá hvaða tóni sem er. Hrynlestur í einföldum taktegundum og 6/8 þar sem punkteringar og synkópur geti komið fyrir. Sönglestur í dúr og hljómhæfum moll.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Unnið með aðferðir við að fullgreina tónbil á blaði stærri en 8nd. Upprit á laglínnum og taktdæmum með svipuðu tónefni og verið er að lesa og syngja. Tónbil greind eftir heyrn, leikin upp á við og niður á við.	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Enn unnið með aðferðir við að fullgreina tónbil á blaði stærri en 8nd. Hrynlestur í einföldum taktegundum og 6/8 þar sem punkteringar og synkópur geti komið fyrir. Sönglestur í dúr og hljómhæfum moll. Upprit á tilheyrandi laglínnum og taktdæmum.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (17. – 21. Okt 2022)	Helstu stílskeið tónlistarsögunnar og einkenni þeirra kynnt og frægustu tónskáld þeirra. Nemendur reyna að þekkja eftir heyrn þau stílskeið sem tilheyra tóndæmunum	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Stílskeið tónlistarsögunnar og einkenni þeirra skoðuð frekar og frægustu tónskáld þeirra. Nemendur reyna að þekkja eftir heyrn þau stílskeið sem tilheyra tóndæmunum. Tónstigar ritaðir upp, einkum allskonar molltóntegundir.	
9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)	Upprifjun á allskyns efni úr undangengnu námi.	
10. vika (7. – 11. Nóv 2022)	Farið í notkun og merkingu ítalskra tónlistarorða. Tónbil geind eftir heyrn, leikin upp á við og niður á við.	
11. vika (14. – 18. Nóv 2022)	Upprifjun á allskyns efni úr undangengnu námi vetrarins.	
12. vika (21. – 25. Nóv 2022)	Hlustað eftir tóni og blæ hljóðfæra, fleiri en þeirra allra algengustu. Tónn þeirra greindur eftir heyrn. Hrynlestur og hryndiktat og sönglestur og laglínudiktat, í framhaldi af því sem áður var gert.	
13. vika (28. Nóv – 2. Des 2022)	Farið aftur í ítölsk tónlistarorð, tónn hljóðfæra greindur eftir heyrn og lag greint í hendingar. Farið í allskyns tónheyrnaræfingar í framhaldi af því sem áður var gert.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9. Des 2022)	Taktrítun skoðuð og nemendur þjálfaðir í að þekkja mun á einföldum og samsettum takti eftir því hvernig slög eru skráð og þjálfuð. Tónbil greind eftir heyrn, leikin upp á við og niður á við.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Farið yfir allt sem lært hefur verið fyrir jóla og hnykktt á þeim atriðum sem þurfa þykir.	
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Jólatími, eitthvað skemmtilegt gert.	